

UMBÓTAÁÆTLUN 2026-2027

	Umbótaþáttur og markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðilar	Tímaáætlun
Stjórnun Faglegt samstarf	Dýpka ígrundun, efla markvissa umræðu um gæði kennslu og styrkja sameiginlega ábyrgð á umbótum.	Kennarar vinna saman að því nýta niðurstöður og gögn um árangur skólastarfs til að auka gæði náms og kennslu Í hverjum mánuði er gefið rými til faglegrar samræðu eins og um kennsluaðferðir og árangur náms. Stjórnendur vinna að því að efla menningu faglegs hróss og viðurkenningar í daglegu starfi.	Að í skólanum sé öflugt lærdómssamfélag.	Stjórnendur	Skólaárið 2026-2027 Matsferill í haust Námsmatstímabil (okt, jan, mar, maí)
Stjórnun Umbætur og innleiðing breytinga	Gera umbótastarf markvissara og sýnilegra.	Að formlegar áætlanir um starfsþróun og breytingarstarf séu ræddar og kynntar og slíku starfi stýrt og fylgt eftir með stuðningi.	Að innleiðingu umbótaverkefna sé stýrt af þekkingu og skilningi á breytingaferli.	Stjórnendur	Vor 2026 Haust 2027

Nám og kennsla Árangur náms	Skerpa sameiginlega greiningu gagna, skráningu og skýrleika í námsferlinu.	Kennarar rýna í niðurstöður námsmats og gerðar eru áætlanir um nám og framfarir nemenda út frá niðurstöðum. Bæta stigskiptan stuðning þar sem brugðist er við niðurstöðum gagna með markvissum hætti. Samræma enn betur verklag til að auka námsárangur nemenda með íslensku sem annað mál. Ræða hvernig hægt er að bæta upplýsingar til foreldra um nám og námsárangur.	Að allir nemendur sýna framfarir í námi.	Stjórnendur, kennarar og stoðþjónusta	Haust 2026
Nám og kennsla Gæði kennslu	Auka skýrleika markmiða, styrkja tengingu námsmats við kennslu og tryggja að allir nemendur fái nám við hæfi.	Námsmarkmið, hæfniviðmið og verkefni eru skráð í kennsluáætlunum.	Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn.	Stjórnendur, kennarar og stoðþjónusta	Skólaárið 2026-2027



Nám og kennsla Námssvitund	Námssvitund	Gefa nemendum meira val um hvaða verkefni þau vinna og um hvernig þeir skila verkefnum (t.d. með myndbandi, lagi eða forritun), sérstaklega á miðstigi. Gefa þeim tækifæri á að taka ábyrgð á náminu sínu. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.	Að nemendur læri að setja sér markmið og fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun.	Stjórnendur, kennarar og stoðþjónusta	Skólaárið 2026-2027
	Velferð og líðan nemenda	Búa til samráðshóp barna, stjórnenda og matráðs til að ræða um matarupplifun barnanna.	Að matartími sé jákvæður hluti af skóladeginum þar sem börn njóta matarins, upplifa vellíðan og geta borðað í rólegu og virðingarríku umhverfi.	Stjórnendur og matráður	Haust 2026
Skólasamfélag	Starfsánægja og líðan á vinnustað	Tryggja teymissamtal stjórnenda og kennara að hausti og einstaklingssamtal eftir áramót. Tryggja að allt starfsfólk fái formlegt starfsþróunarsamtal árlega. Ræða leiðir til að jafna eða draga úr vinnuálagi. Ræða hvað það er sem starfsfólki finnst vera áskorun í starfi og búa til verkferla til að bregðast við.	Að öllu starfsfólki líði vel og það ríki almenn starfsánægja.	Stjórnendur og kennarar	Skólaárið 2026-2027

